



Veðurstofa Íslands

Vísindi á vakt

Óveður á Stöðvarfirði

Guðrún Nína Petersen


Eitt öflugasta sunnanillviðri síðustu ára

- en engin veðurmet féllu

Nokkrar tölur:

- 5. febrúar:
 - > 24 m/s á 140 veðurstöðvum
 - > 28 m/s á 62 veðurstöðvum
- 6. febrúar:
 - > 24 m/s á 96 veðurstöðvum
- Óvenju útbreitt veður, síðast álíka veður 21. febrúar 2022
- Mesta vindhviða: 66,3 m/s á Gagnheiði 5. febrúar (febrúarmet á stöð)
- Nokkur febrúarmet í viðbót
- Veðrið verst á Austfjörðum, einkum Stöðvarfirði



Viðvaranir



Viðvaranakort 5.-6. febrúar



5. febrúar: Djúp lægð fór norður Grænlandssund

Spá í gildi 5. febrúar kl. 16.




6. febrúar: Næsta lægð og skörp skil

Spá í gildi 6. febrúar kl. 10.






Veðrið var verst á sunnanverðum Austfjörðum, einkum Stöðvarfirði



- Á svæðinu eru nokkrar sjálfvirkar veðurstöðvar
- Papey og Kambanes eru opnar fyrir sunnan- og suðvestanátt
- Teigarhorn nokkuð opið fyrir sömu vindáttum
- Fáskrúðsfjörður, Víkurgerði og Vattarnes hlémegin við há og brött fjöll
- Stöðvarfjörður: 2 km breiður fjörður, tindar í suðri 550-850 m y.s.
- Þorpið er norðan við fjörðinn

Wind speed (m/s) 5-6 February 2025



Stöðvar opnar fyrir vindi

Papey

Kambanes

Teigahorn

- Hár meðalvindhraði, að 35.4 m/s
- Vindhviður að 44.1 m/s
- Meðalhviðustuðull (vindhraði > 10 m/s) 1.4
- Vindátt nær stöðug um 180° (sunnanátt)

Stöðvar hlémegin brattrra fjalla

Fáskrúðsfjörður

Vattarnes

Víkurgerði

- Lægri meðalvindhraði, hámark 21.5 m/s
- Á **Fáskrúðsfirði** mesti vindhraði rétt um 15 m/s
- Miklar hviður, hámark 54.8 m/s
- Hviðustuðull (vindhraði > 10 m/s) 2-3.8, meðalhviðustuðull 2.4
- Mikill breytileiki í vindátt

Lýsing séra Magnúsar Bergssonar sóknarprests í Stöð á illviðrum af suðri (ritað 1839):

[...] af suðri, eður öllu fremur landsuðri, koma þar **veður hin ógurlegustu**, það standa stundum af miðjum fjöllum sunnan megin fjarðarins [...] en stundum standa þau fyrir andnes sömu fjalla [...].

Harka og afl þessara veðra framúrskarandi og ógurlegt, þau taka fjörðinn frá ysta til innst í einlægt rok upp á móts við tinda, flytja stundum steina úr stað, sem eru meðalmanns tak, rykkja jafnvel hálf freðnum þökum af húsum, kippa króm og hjöllum frá veggjum og endog rífa naglföst borð af húsræfrum.

Um afl og óstjórn veðra þessara eru margar sögur, sem ótrúlegar virðast mættu, hvörra hér verður ei getið. Af því þetta ætíð eru þíðuveður fylgist og með þeim áköf stórrigning er eykst af vatnsdrífi því sem stormurinn með sér flytur, endog upp til dala [...]. Þetta eru kölluð landsynningsveður [...]

Sjaldan eru landsynningsveður nema í bestu vetrum en það er merkilegt að þau byrja með hausttímanum og hætta með vortímanum. Þeirra verður aldrei vart á sumri og það er ei þó hann sé að sunnan og útsunnan [...]

Lýsingar á veðrinu 5. – 6. febrúar 2025

„Það var bara alveg snælduvitlaust, ég er búinn að búa hérna í tæp 50 ár og ég hef aldrei séð þetta svona áður. Það voru svo rosalegar hviður. Eins og veðurspáin var þá átti **þetta að vera sunnanátt en þetta var bara úr öllum áttum**“

Garðar Harðar Vestmann (Stöðvarfirði)

„**Það var engin sunnanátt hérna sko, þetta var úr öllum áttum.** Maður var eina stundina að setja eitthvað dót bakvið hús í skjól en tíu mínútum seinna var komin allt önnur vindátt og þá fór allt af stað aftur,“

Bjarni Stefán Vilhjálmsson (Stöðvarfirði)

Miklar vind- og vatnsskemmdir
á Stöðvarfirði.

Vatnavextir í Einarsstaðaá Innri.



Lýsingar á veðrinu 5. – 6. febrúar 2025

„Um morguninn byrjaði þetta skrýtna veður sem hefur trúlega verið eins og á Stöðvarfirði. **Vindurinn sló úr öllum áttum. Það var ekki nein ákveðin átt þegar allt fauk til andskotans.** Þegar fjárhúsið fór sá ég að gaflarnir lögðust inn. Í kjölfarið fauk þakið í heilu lagi og lagðist án þess að brotna upp á klett sem er áttatíu metrum frá. Í næstu svipum kom það af klettinum og lagðist samsíða fjárhúsunum. Svo, í einni andrá, sprakk það alveg í tætlur þarna á jörðinni [... Það var] hvasst [...] til klukkan tvö síðdegis. Svo datt veðrið niður í einni andrá – alveg eins og í bíómynd.“




Óðinn Logi Þórisson (Vattarnesi)



Þaklaust fjárhúsið
í Vattarnesi

Fjöllin orsökuðu vindmögnun og kviku


- Fjöllin á Austfjörðum nær hornrétt á vindáttina
- Vísbendingar um fjallabylgjur sem hafi myndast (og brotnað) með þeim afleiðingum að vindinn sló niður á firðina með miklum hviður og breytilegri vindátt
- Mögulega kunna einhvers konar iður að spila inn líka?
- Vísbendingar um hitahvarf í fjallshæð við Höfn
=> hjálpar til við
að búa til fjallabylgjur



Hvernig komum við óveðrum við fjöll til skila í t.d. veðurfarsyfirlitum? Stundum bara alls ekki?!


Fáskrúðsfjörður Ljósaland

Vindhraði > 15 m/s 2010 – 2019



Vattarnes

Vindhraði > 15 m/s 2010 – 2019



Febrúarveðrið gaf gott dæmi um óveður við fjöll

- Væri áhugavert að skoða nánar en til þess þarf há-háupplausnarkeyrslu $O(100\text{ m})$ eða LES (large eddy simulation)
- Ekki algengt á Austfjörðum en illskæð veður
- Erfitt að verjast þegar vindur úr öllum áttum
- Lýsingar frá 1839 lýsa vel veðrinu og eru í takt við lýsingar frá 2025
- Þurfum við að koma upplýsingum og slík veður til skila til hagaðila?
- Hvernig gerum við það?

